

LEIKHÚS
KVIKMYNDIR
TÓNLIST
SKEMMTANIR

Líf & fjör



UMSJÓN:
Gunnhóra
Gunnarsdóttir

umsjón
Valdís
Víðars

Hláturinn lengir lífið

Ný farandssýning

„Hláturgas“. Meinlaus gamansemi á jákvæðum nótum.

Hláturgas kemur í framhaldi af sýningunni Lífæðar sem sett var upp á ellefu sjúkrahúsum hringinn í kringum landið árið 1999 af Íslensku menningarsamsteypunni ART.IS, en hún samanstóð af verkum eftir nafnkunna myndlistarmenn og ljóðskáld. Hugmyndin að baki þessum sýningum er að lifga upp á yfirbragð sjúkrastofnana og gera þannig sjúklingum og aðstandendum dvölina þar bæri-legri.

Glaxo Wellcome fagnar 10 ára starfsafmæli á Íslandi á þessu ári og í tengslum við þessi tímamót gekk fyrirtækið í samstarf við Menningarsamsteypuna ART.IS og Norræn samtök um lækna-skop, um sýninguna „Hláturgas - Lækna-skop frá vöggum til grafar“. Sýningin verður opnuð á Landspítala í dag föstudaginn 14. janúar og henni lýkur á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eftir hringferð um landið.

Hlátur í stað lyfja

Á sýningunni „Hláturgas“ sem snýst um lækna-skop og húmor með skemmtilegum teikningum og textum er að finna skopteikningar eftir bæði innlenda og erlenda höfunda, en af íslenskum teiknum má nefna Þorra Hringsson, Hallgrím Helgason, Brian Pilkington, Gísla Ástþórs-son og Halldór Baldursson. Efnid er ýmist gamalt eða unnið sér-staklega fyrir Hláturgasið.

Einnig hefur verið gefin út 80 síða bók með skopteikningum,



Hláturgas - Lækna-skop frá vöggum til grafar. 80 síða bók sem dreift verður ókeypis á 10 sjúkrahúsum um allt land.

bröndurum, íslensku rímnaskopi og spaugilegum lækna-skýrslum sem dreift verður ókeypis á viðkomandi sjúkrahúsum.

Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðgjafi segir meðal annars í ávarpi sínu í bókinni. „Hláturinn lengir ekki aðeins lífið, hann gerir tilveruna bæði skemmtilegri og fyrirhvarminni. Hljæjandi læknar ættu því að hafa hugfast, þegar þeir skrifa út lyfseðil við vægum krankleika, að einn og einn brandari gæti kannski komið í stað lyfjastauks í

einhverjum tilvikum.“

Kíminneftir

Bjarni Jónsson, heimilislæknir er varaforseti Norrænna samtaka um lækna-skop, hann segir meðal annars í sínu ávarpi. „Lækna-skop snýst um að njóta þeirra spaugilegu tilvika sem lífið og líðandi stund býður upp á. Lífið er morandi af slíkum skemmtilegheitum; við þurfum ekki að gera annað en að opna augun fyrir hinu skoplega og (þora að) njóta þess. Ekki hafa þó allir jafn gott skop-



Hefur þú einhverjum tímann dottið í hug að gefa afriku þorpi kvöldmatinn þinn?

Úr sjúkraskrá

Skodun við komu leiðir í ljós unglingspilt...

Það sem fyllti mælinn var þvagleki...

Þegar hann var lagður inn hafði ör hjartsláttur stoppað og honum leið betur...

Sjúklingur er ekki þekktur fyrir að fremja sjálfsmorð...

Sjúklingur er fertug, að öðru leyti ekkert athugasvert...

skyn. Pétur Pétursson, læknir á Akureyri segir að þeir sem eru sneyddir öllu skopskyni séu „kíminneftir“.

Skopleg opnun

Það hefur alltaf verið sagt að hláturinn lengi lífið og skryturlur um lækna og starfsmenn sjúkrahúsa hafa löngum skemmt fólki. En það er ekki fyrir en nú á síðustu árum að skilningur hefur vaknað á því að skop og gamanmál geta átt raunverulegan þátt í lækningum, létt lund sjúklinga og virkjað þann líkningararmátt sem í líkamnum býr.

Eins og fyrr segir opnar fyrsti áfangi sýningarinnar á Landspítalanum í dag kl. 15. Að sjálfsögðu verður byrjað á því að hlæja hressilega, því það er enginn annar en eftirherman og brandararinn Jóhannes Kristjánsson sem skemmtir á opnun.

-W

UM HELGINA



Listamennirnir Claus Egemose, Johan van Oord og Tumi Magnússon.

Rauðvík - málverk í og utan fókuss

Yfirskrift sýningarinnar sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum laugardaginn 15. janúar kl. 16.00 „Rauðvík - málverk í og utan fókuss“ er fengið frá sýningu á eðlisfræðilegu fyrirbæri um breytingu ljóssins, þar sem orðið sjálft ásamt verkunum á sýningunni túlka hreyfingu lita og útvíkkandi kraft.

Sýningin byggir á verkum fjögurra mikilvirkra listamanna, sem óháð hver öðrum hafa í mörg ár unnið af mikilli elju með ytri mörk málverksins. Verk þeirra Claus Egemose, Johan van Oord, Tumi Magnússonar og Ninu Roos vísa öll í hið hlutbundna málverk, þar sem stórir einlitir fletir eða litaraðir ná yfir allt yfirborðið. Þau eiga það sameiginlegt að vekja tilfinningu fyrir stöðugum víxláhrifum samdráttar og útþenslu.

Sýningin er samstarfsverkefni Trapholt-safnsins í Kolding í Danmörku, Kunsthalle Helsinki í Finnlandi, Listasafns Reykjavíkur og Centrum Beeldende Kunst í Rotterdam í Hollandi, en þangað fer sýningin þegar henni lýkur að Kjarvalsstöðum.

Dansari og danshöfundur

Mánudaginn 17. janúar fjallar Maureen Fleming dansari og danshöfundur um efnid „The Changing Role Of Art In Society“ í Listaklúbbi Leik- húsáttarans,

fyrirlesturinn fer fram á ensku og hefst kl. 20.30. Maureen kom hingað fyrst árið 1996 er hún sýndi verk sitt „Eros“ á Listahátíð í Reykjavík. Hún fæddist í Japan, lærði klassískan dans og einnig „butho-dans“ undir handleiðslu Kazuo Ohno og Min Tanaka. Undanfarnir ár hefur Maureen ferðast víða um heim með danssýningar, en kennir nú hjá Experimental Theater Wing við New York University. Maureen verður með námskeið í Kramhúsinu sem lýkur með sýningu í Tjarnarbíói sunnudagskvöldið 16. janúar.



Maureen Fleming dansari.


Í tilefni dagsins

„Við æltum að blása inn nýja árið,“ sagði Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands um tónleika þá sem verða haldnir í Akureyrarakirkju kl. 17.00 sunnudaginn 16. janúar. „Það verður sífónísk málmblá- arasveit, blásarar úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands ásamt gestum úr Serpent sem leikur og það er óvanalegt að við höldum tónleika með einum hljóðfæraflokki.“

Þetta verða góðir tónleikar því efnisskráin er fjölbreytileg. Það verða átta verk leikin, gömul og ný. Tvö af þeim eru íslensk, þar af annað splunkunýtt. Það er eftir Tryggva Baldvínsson og heitir Í tilefni dagsins. Hitt verkið er Þorlákstíðir, samið 1994 af

einum félaganna í Serpent, Einari Jónssyni. Af öðrum verkum á efnisskránni má nefna Fanfare for the common man eftir Aaron Copland sem er mjög þekkt verk í málmblárasaheiminum og Russian funeral eftir Benjamin Britten.

Forkólfarnir í Serpent floknum eiga hugmyndina að tónleikunum, þeir eru norðanmenn þótt þeir starfi núna aðallega sunnan heiða og koma norður með félagi með sér. Í sveitinni eru líka hljóðfæraleikarar af öllu Norðurlandi, frá Sauðárkróki austur í Þingeyjarsýslu, alls um tuttugu manns, málmblárasarar og tveir slagverksleikarar. Þetta er fólk úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem er að sinna öðrum störfum flesta daga svo



Félagar í Serpent, Guðmundur Hafsteinsson trompetleikari, Jóhann Björn Ávarsson hornleikari og Einar Jónsson básúnuleikari. Sveitin var stofnuð 1997 en hún er mismunandi að stærð og samsetningu eftir því hvaða verkefni verid er að fást við hverju sinni. Serpent nafnið þótti tilvalið því það er fengið frá hljóðfæri sem kom fram á 16. öld og er eins og snákur í laginu en snákur eru mismunandi að stærð og lögun. MYND: HILMAR

fyrir tónleika er æft frá því á föstudagskvöld fram á sunnudag. Þetta reynir á hæfni hljóðfæraleikaranna sem taka þátt

en þeir kunna sitt fag. Þess vegna er þetta hægt, sagði Guðmundur Óli að lokum.“

GUN.